

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2001050061  
3714; 9310

Reykjavík, 29. júní 2001  
/--

### **Efni: Lenging grjótgarðs við höfnina á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar móttékið 25. maí 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lenging grjótgarðs við höfnina á Arnarstapa samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá bæjarstjórn Snæfellsbæjar með bréfi dags. 11. júní 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 19. júní 2001 og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 21. júní 2001. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 26. júní 2001.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að lengja núverandi grjótgarð við höfnina á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Arnarstapahöfn er í lítilli vík með háum dröngum umhverfis og liggur hafnargarður upp að klettadröngum að vestanverðu. Við enda hafnargarðs hefur verið byggður grjótgarður en fyrirhugaðar framkvæmdir felast í lengingu og styrkingu hans. Gert er ráð fyrir að grjótgarðurinn verði lengdur um 30-35 m með samskonar grjóti og fyrir er í garðinum.

Efnisþörf vegna framkvæmda við grjótgarðinn er áætluð um 14 þús. m<sup>3</sup> af sprengdu grjóti og kjarna auk um 6 þús. m<sup>3</sup> af fyllingarefni í aðkomuveg að garðinum, sem verði fjarlægður að loknum framkvæmdum. Tveir efnistökuastaðir koma til greina fyrir grjótgarðinn. Annar

kosturinn er að taka efni á eyðijörðinni Hamraendum í Breiðuvík en þar er grágryttissléttu sem endar í hrygg og klapparnefi. Hinn kosturinn, og sá sem framkvæmdaraðili leggur til, er að taka efni upp af fjöru í landi jarðarinnar Malarrífs, sem er í eigu Siglingastofnunar, en þar hefur áður verið unnið grjót til uppbyggingar núverandi grjótgarðs. Aðkomuvegur að garðinum yrði lagður í miðri höfninni út að enda grjótgarðsins, en hans er þörf þar sem bryggjan á Arnarstapa ber ekki umferð þungra tækja. Aðkomuvegurinn verður fjarlægður að loknum framkvæmdum. Í upphaflegum gögnum framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að taka efni í þennan aðkomuveg að grjótgarði úr gjallnámu ofan fjöru í landi Malarrífs. Þessu efni verði svo safnað á geymslusvæði austan þjóðveggar ofan Arnarstapabrekku þar sem Vegagerðin muni nýta það til vegafamkvæmda í tengslum við endurbyggingu Útnesveggar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

### Almennt

Í umsögnum sveitarstjórnar Snæfellsbæjar, Náttúruverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### Lenging og styrking grjótgarðs

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir séu innan friðlýsts svæðis, þ.e. friðlandsins á ströndinni við Stapa og Hellna. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé mannvirkjagerð og annað jarðrask háð leyfi Náttúruverndar ríkisins. Fram kemur að Náttúruvernd ríkisins telji mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríki. Þó megi telja líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki verði ekki umtalsverð þar sem um sé að ræða núverandi hafnarssvæði sem sé árlega raskað með því að fjarlægja sand úr höfninni.

### Efnistaka

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhugaðir efnistökuastaðir séu innan svæðis sem er á náttúruminjasrá (utanvert Snæfellsnes, svæði nr. 223). Hluti svæðisins sé einnig innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og séu fyrirhugaðir efnistökuastaðir innan þess. Grjótnáman í landi Malarrífs sem fyrirhugað sé að nýta sé í hrauni sem runnið hefur á nútíma og þar með í landslagsgerð sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fram kemur það álit Náttúruverndar ríkisins að eðlilegt hefði verið að gera betur grein fyrir niðurstöðum rannsóknaborana á efnistökuastaðum við tilkynningu framkvæmdanna. Jafnframt að leggja hefði þurft fram upplýsingar um það hversu mikið grjót þurfi að sprengja til að fá nauðsynlegt magn af grjóti í varnargarðinn og líklegt magn úrkastsefnis. Sýna verði fram á að hægt sé að fá nægjanlegt grjót innan þess svæðis sem afmarkað sé en jafnframt hvort hægt væri að fá efni til framkvæmdarinnar á svæði sem sé minna að flatarmáli. Fram kemur að Náttúruvernd ríkisins telji ekki eiga að gera ráð fyrir frekari efnistöku að loknum þessum framkvæmdum við Aranarstapahöfn í þessari námu með sprengingum en þó væri hugsanlegt að nýta það efni sem hrynji úr hraunkantinum. Fram kemur að Náttúruvernd ríkisins telur ekki rétt að taka efni sem nýta mætti í ofanburð fyrir aðkomuvegin úr gjallnámu skammt ofan við grjótnámu á Malarrífi líkt og framkvæmdaraðili leggi til. Æskilegt sé að þeirri námu verði lokað og gengið frá námasvæðinu. Athuga eigi fremur þann möguleika að fá efni til uppfyllinga úr fyrirhugaðri grjótnámu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að leggja verði fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og að fyrirhugaðar framkvæmdir séu háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir þá ábendingu Náttúruverndar ríkisins að ekki skuli taka efni í gjallnámu við Malarrif. Fyllingarefni verði tekið úr fyrirhugaðri grjótnámu í stað gjallnámunnar. Þá kemur fram að ítarleg áætlun um efnistöku og notkun fyllingarefnis til frágangs náma verði lögð fram með framkvæmdaleyfi til Náttúruverndar ríkisins.

### **Haugsetning**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að vanda þurfi valið á geymslusvæði fyrir fyllingarefni sem tekið verði upp með dýpkun og úr aðkomuvegi (áætlað magn um 6.000 m<sup>3</sup>) þar sem nokkur tími muni líða þar til framkvæmdir hefjist við vegaf framkvæmdir þær er nýta á efnið til. Ekki verði betur séð en að fyrirhugað sé að koma efninu fyrir í Klifhrauni, austan Þjóðveggar, en Klifhraun sé landslagsgerð sem falli undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem um sé að ræða hraun sem runnið hefur á nútíma. Náttúruvernd ríkisins telur að skoða verði betur staðsetningu geymslusvæðis fyrir fyllingarefnið. Fram kemur að stofnunin leggi til að athugað verði að geyma efnið í gjallnámu í landi Malarrifs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili telji vænlegra að geyma fyllingarefni nær fyrirhuguðum vegaf framkvæmdum austan Arnarstapa heldur en að geyma efnið í gjallnámu í landi Malarrifs líkt og Náttúruvernd ríkisins leggi til. Fram kemur að nokkrir kostir komi til greina við geymslu eða förgun efnis. Haft hafi verið samband við Vegagerðina þar sem hún hyggist nota efnið sem til fellur til vegagerðar og bendi Vegagerðin á opna efnisnámu í Smálækjarhlíð/Botnshlíð eða í nágrenni þeirrar námu. Leitað verði samþykkis Náttúruverndar ríkisins vegna þessa. Ef þurfa þyki verði hluti af fyllingarefni notaður til frágangs í grjótnámu á Malarrifi.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða lengingu og styrkingu grjótgarðs við höfnina á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Grjótvarnargarður við höfnina á Arnarstapa er innan svæðis sem er friðlýst, þ.e. friðlandsins á ströndinni við Stapa og Hellna. Skipulagsstofnun telur að lenging og styrking grjótvarnargarðs við höfnina á Arnarstapa sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í ljósi framkominna gagna. Ekki verður um að ræða veruleg sjónræn áhrif af framkvæmdum við grjótgarðinn umfram það sem orðið er vegna núverandi grjótgarðs og er talið ólíklegt að lífríki í eða við höfnina á Arnarstapa stafi veruleg hætta af framkvæmdunum.

Fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar í landi jarðarinnar Malarrifs er á svæði sem er á náttúruminjasrá og að hluta innan þess svæðis sem friðlýst var sem Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull þann 28. júní 2001. Þá er naman í hrauni sem runnið hefur á nútíma og þar með í landslagsgerð sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að lágmarka flatarmál þess svæðis sem efni verður tekið úr og halda raski í lágmarki við efnistöku. Þá verði þess gætt við geymslu og

haugsetningu fyllingarefnis úr aðkomuvegi í höfn að sem minnst rask hljótist af. Að þessu gefnu verður ekki séð að sú tilhögun við efnistöku og haugsetningu sem fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lenging og styrking grjóttgarðs við Arnarstapa ásamt efnistöku úr grjótnámu í landi Malarrífs og geymslu og haugsetningu efnis sem lýst er í svörum framkvæmdaraðila sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar sbr. 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 m.s.br. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdirnar eru innan friðlýstra svæða, þ.e. friðlandsins á ströndinni við Stapa og Hellna og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, en mannvirkjagerð og annað jarðrask innan friðlandsins og þjóðgarðsins er háð leyfi Náttúruverndar ríkisins.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. júlí 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Snæfellsbær, Náttúruvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.